

Jakob Gunnarsson
Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Garðabær, 2. febrúar 2024
Málsnúmer: 202401-0044
IAS

Efni: Ferðapjónustusvæði við Selhöfða, fyrirspurn um matskyldu.

Vísað er í tölvubréf í gegnum skipulagsgátt þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um ferðapjónustusvæði við Selhöfða, fyrirspurn um matskyldu.

Áformuð er uppbygging innan viðskipta- og þjónustusvæðis við Selhöfða í Þjórsárdal í samræmi við nýsamþykkt deiliskipulag. Fyrirhugað er að reisa þjónustumiðstöð, bílastæði, gestahús, tjaldsvæði, salernishús, aðkomuveg og stíga. Tilkynningin nær einnig til framkvæmda á nýjum vegslóða sem tilgreindur er í aðalskipulagsbreytingu fyrir umrætt svæði og liggja mun frá Selhöfðum að fjallahótelum við Reykholt. Svæðið er á forræði Skógræktarinnar og þar hefur fjöldi trjáa verið plantað á undanförunum árum en þar er einnig um náttúrulegan birkiskóg að ræða á hluta svæðisins. Engin hús eða önnur slík mannvirki eru innan svæðisins.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögnin og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur áður gefið umsögn um Aðalskipulagsbreytingu vegna þjónustumiðstöðvar við Selhöfða og ítrekar hér að hluta það sem fram kom í þeirri umsögn.

Ljóst er að aðráttarafl svæðisins eru náttúru- og menningarminjar í Þjórsárdal og með aukinni þjónustu má reikna með aukinni umferð ferðamanna innan friðlýsta svæðisins og samhliða því verður aukið álag á náttúru- og menningarminjar. Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að uppbygging á ferðamannstöðum byggist á þolmarkagreiningu til að hægt sé að meta áhrif fjölda ferðamanna á náttúru- og menningarminjar, ásamt upplifun gesta innan landslagsverndarsvæðisins. Náttúrufræðistofnun er ekki kunnugt um að gerð hafi verið slík greining en hún er forsenda þess að hægt sé að meta þörfina á innviðum og landvörslu, grípa til aðgerða eða stýringa og vernda þannig enn frekar náttúru- og menningarminjar svæðisins. Æskilegt er að þolmarkagreining fari fram sem fyrst, áður en ráðist er í uppbyggingu þjónustumiðstöðvar, þannig að staða friðlýsta svæðisins í dag sé vel þekkt og sé til viðmiðunar eftir því sem ásókn ferðamanna inn á svæðið eykst.

Fyrirhuguð framkvæmd felur í sér uppbyggingu við Selhöfða í Þjórsárdal þar sem meðal annars er náttúrulegur birkiskógur með hátt verndargildi við Tunguhorn. Þjónustumiðstöðina á að byggja inni í birkiskóginum miðjum, sem felur í sér verulegt rask á skóginum vegna byggingarinnar, 5-6 m breiðs aðkomuvegar sem liggja á eftir miðjum skóginum endilöngum og fjögurra göngustíga. Líklegt er að fella þurfi stóran hluta skógarins vegna framkvæmdanna. Ekki er að sjá annað en nægt pláss sé á skipulagssvæðinu til að koma þjónustumiðstöðinni fyrir án þess að raska birkiskóginum og því mælist Náttúrufræðistofnun til þess að



Þjónustumiðstöðinni verði fundinn annar staður innan skipulagssvæðisins og birkiskóginum verði hlíft.

Þjónustusvæðið er utan náttúruverndarsvæða en í námunda við landslagsverndarsvæðið í Þjórsárdal. Vegurinn frá þjónustusvæðinu að fjallahóтели við Reykholt, sem tilkynningin nær einnig til, mun að mestu liggja utan við landslagsverndarsvæðið og ekki fara inn á það fyrr en eftir að hann tengist núverandi vegi.

Þjónustusvæðið er jafnframt á nútímahrauni, Búrfellshrauni, sem er um 3.300 ára gamalt en þar sem birkiskógurinn er, hylur um 9 m þykkur jarðvegur hraunið en utan birkiskógarins er jarðvegurinn rofinn og má sjá sandorpið yfirborð hraunsins en verndargildi þess er lágt.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar að fyrirhugað rask á birkiskóginum sé óásættanlegt og að æskilegt sé að þolmarkagreining fari fram sem fyrst, áður en ráðist er í uppbyggingu þjónustumiðstöðvar. Þá er æskilegt að aðrir kostir verði skoðaðir og leggur Náttúrufræðistofnun til að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,



Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

